

Alþingi, nefndasvið.
Atvinnuveganefnd.
Hr. Jón Gunnarsson, formaður,
nefndasvid@althingi.is

Hornafirði, 13. júní 2015.

Ágæti Jón Gunnarsson og öll atvinnuveganefnd.

Ég vísa í meðfylgjandi bréf mitt til stjórnarskrárnefndar, dags. 4. mars 2015. Framundan er fundur hjá atvinnuveganefnd Alþingis um svonefnt makrílfrumvarp, mál nr. 691 og frumvarp um veiðigjöld mál nr. 692. Ég vísa í umsögn mína um framvarp til laga um veiðigjöld.

Talað er um að semja og ná sátt um svo nefnt makrílfrumvarp.

Aðilar sem ekki hafa fullt umboð og heimildir geta ekki samið um eða náð sátt um frumvarpið nema að allir löglegir eigendur séu kallaðir til. Atvinnuveganefnd hefur ekki umboð og heimildir hlutaðeigenda í sjávarauðlindinni, þ.e. eigenda sjávarjarða.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að senda til þín upplýsingar um eignarréttindi sjávarjarða í sjávarauðlindinni, sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komið með sitt álit á um að sé eign í ljósi eignarréttarákvæða mannréttindayfirlýsingarinnar Evrópuráðsins. Einnig eru sjávarjarðir eigendur nytjastofna á Íslandsmiðum í netlögum. Mál eru nú einu sinni gagnkvæm.

Eigendur sjávarjarða eru hluti íslensku þjóðarinnar og þeir eru séreigendur auðlindarinnar næst landi, en þar er kannski um verðmætasta hluta auðlindarinnar að ræða (sjá grein í Morgunblaðinu 13. apríl 2008 eftir Jónas Páll Jónasson og Björn Gunnarsson: „Grunnsævið gulls ígildi“).

Það virðist alltaf, í þessari umræðu fulltrúa þjóðarinnar, ríkja þögn um séreignarhlutdeild sjávarjarða í auðlindinni. Svo virðist sem verið sé að reyna að þegja mál í hel sem auðvitað tekst ekki þegar Mannréttindadómstóllinn er kominn með álit sitt á málinu.

Meðfylgjandi eru auglýsingar samtakanna og upplýsingar sem sendar hafa verið til atvinnuveganefndar Alþingis. Auk þess lögbannsbeiðni frá 30. apríl 2014, bréf Ragnars Aðalsteinssonar, lögmanns, til sjávarútvegsráðherra, dags. 23. október 2009 vegna auðlindagjalds og bréf til stjórnarskrárnefndar, dags. 4. mars 2015.

Þess er óskað að þú og öll atvinnuveganefnd Alþingis takið tillit til stjórnarskrárvarins lögbundins eignarréttar eigenda sjávarjarða við umfjöllun um málið.

Heimasíða samtakanna er: www.ses.is

Mínar bestu kveðjur
f.h. Samtaka eigenda sjávarjarða
Ómar Antonsson, formaður
s. 892 0944
omarantons@gmail.com ses.netlog@gmail.com

Auglýsing

um einkaeign á hafsvæðinu í netlögum og að sjávarjörðum fylgir eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild

Með vísan til meginreglna íslensks réttar um réttaráhrif friðlýsinga og lögfestna, sbr. m.a. 16. og 17. kap. landleigubálks Jónsbókar, og með vísan til samkvæmrar dómiðkunar frá ómunatíð og neðangreindra tilvitnana í sett lög, þá **kunngjörist hér með og tilkynnist:**

- Eigendur sjávarjarða eiga eignarréttarlega hlutdeild í sjávarauðlindinni og beinan eignarrétt að fiskveiði í netlögum sem er varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar.
- Eigendur sjávarjarða eiga ítaksrétt til veiða í fiskhelgi utan netlaga og á hefðbundnum miðum, sem jafna má til afréttarréttinda og er því eignarréttarlegs eðlis og varinn af 72. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt opinberri skýrslu stjórnvalda eiga nokkrar jarðir ákveðin fiskimið, sbr. t.d. skýrslu stjórnarerindrekans Ólafs Olavíusar 1776.
- Útræði/heimræði og útræðisréttur, er einnig varinn af 75. gr. stjórnarskrár, enda jafnframt atvinnuréttarlegs eðlis.
- Sjórinn og sjávarbotninn í netlögum er víða mikilvæg uppeldisstöð og þar er oft mikil fiskgengd. Lífríkið og sjórinn innan og utan netlaga er ein hreyfanleg og óskipt heild. Þetta staðfestir séreignarhlutdeild sjávarjarða í sameign íslensku þjóðarinnar sem nefnd er í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Lagalega meginreglan er sú að þar sem séreignarrétti þjóðarinnar eða ríkisins sleppir til sjávarauðlindarinnar tekur við eignarréttur sjávarjarða.

Sjávarjarðir á Íslandi eiga og hafa frá ómunatíð átt hlutdeild í sjávarauðlindinni. Eignarhlutdeild þessi byggist í fyrsta lagi á netlögum, sem er ákveðið svæði í einkaeign í sjó út af landi (samanber meðal annars 3. kapítula rekabálks Jónsbókar frá 1281, 3. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, 1. gr. laga nr. 39/1914 um beitutekju, 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, 14., 72., 77., og 96. gr. laga nr. 76/1970 um lax og silungsveiði, 1. og 2. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, 1. gr. laga nr. 64/1994 um fuglaveiðar, 1. og 2. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og 1. gr. laga nr. 13/2001 um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis). Í öðru lagi eiga sjávarjarðir fornan atvinnurétt, svokallað útræði/heimræði, sem metið hefur verið í fasteignamati og einnig hvalveiðiréttindi. **Eigendur netlaga eru hluti íslensku þjóðarinnar. Samkvæmt lögum eru nytjastofnar í netlögum á Íslandsmiðum eign þess hluta þjóðarinnar sem á netlög.**

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Þessi réttur sjávarjarða hefur ólöglega verið afhentur

öðrum til nýtingar. Hafið og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafsins er í netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. Auðlindin er því óskipt sameign. Geta má í þessu sambandi um tvær sjónvarpsmyndir eftir Dr David Attenborough, sem heita “The blue planet” (Hafið bláa hafið-Með ströndum fram). Þær sýna hversu mikilvægt grunnsævið er (netlög) fyrir lífríkið í hafinu.

Vísað er til þess, að með lögum um stjórn fiskveiða hefur eigendum sjávarjarða verið einhliða meinað að nýta þessa eign sína, án þess að fullt verð hafi komið fyrir, samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar og án þess að friðunarástæður eða önnur haldbær lagarök fyrir takmörkun eignarréttinda séu fyrir hendi.

Vísað er í það sem haft er eftir Eiríki Tómassyni, prófessor í lögum við Háskóla Íslands (sem nú er hæstaréttardómari) á 7. fundi nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, 19. febrúar 2010:

„Fram kom að eigendur sjávarjarða hafa réttinda að gæta. ET sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða bætur fyrir“.

Ennfremur er vísað í skilgreiningar eignarréttarsérfræðinga, m.a. Gauks Jörundssonar, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, þar sem kemur fram að **vatn (sjór) sem yfir landi liggur telst til fasteignarinnar og er því sjórinn í netlögum eign viðkomandi jarðar.**

Nýlega hefur European Court of Human Rights komið með eftirfarandi álit sitt í úrskurði, í málinu nr. 40169/05, dags. 2 December 2008, um eignarrétt sjávarjarða í sjávarauðlindinni:

3. The Courts’s assessment

“Moreover, the Court finds that the applicant’s right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1”.

Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Fyrrgreindur eignarréttur er friðhelgur og stjórnarskrárvarinn. Alþingismenn hafa unnið drengskaparheit að eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands.

Reykjavík, 27. mars 2014.

Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður

Sjávarjarðir

Fundur með Atvinnuveganefnd

31. október 2011

Samtök eigenda sjávarjarða, SES

- Stofnuð 5. júlí 2001
- Félagar eru um 500
- Fjöldi sjávarjarða er rúmlega 2000
- Fjöldi jarða með heimræði/útræði er u.þ.b 1200
- Markmið samtakanna er:
 - Að fá útræðisrétt sjávarjarða virtan á ný og staðfestan í gildandi lögum um stjórn fiskveiða.
 - Að vinna að því að eignarréttindi sjávarjarða innan netlaga, sem og tiltöluleg eignarhlutdeild í sjávarauðlindinni í heild, verði virt og í heiðri höfð.

Hvað eru netlög ?

- Samkvæmt íslenskum lögum eru **netlög** það svæði sjávar sem er í einkaeign eigenda sjávarjarða.
- Í 2. kafla rekabálks Jónsbókar , (1281) stendur:
 - “Sá maðr, er land á, hann á þara allan ok Landeigandi á, ok veiðar allar í netlögum ok í fjörunni.
- Í *Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849*, stendur í 3. gr.
“Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar.
Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma [eða 115 metra] frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.”
- Í 21. gr. og jafnframt síðustu grein veiðitilskipunarinnar segir:
„Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um, fuglveiði og dýraveiði og selveiði, en allar greinir laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um kvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.“

Um stærð netlaga.

- Netlög afmarka landamerki sjávarjarða út í sjóinn
 - Í landabrigðisþætti Grágásar (Staðarhólsbókar) segir að „Þar eru netlög utast í sæ er selnet stendur grunn, tuttugu möskva djúpt, af landi eða skeri og komi flár upp úr sjánum að fjöru þá er þinur stendur grunn.”
 - Jónsbók segir „En það eru netlög yst er selnót stendur grunn tuttugu möskva djúp að fjöru og komi þá flár upp úr sjó”

Þessu hefur verið sleppt úr Jónsbókartexta núverandi lagasafns (án lagabreytinga).

Um stærð netlaga, frh.

- Í *Tilskipun um veiði á Íslandi*, 20. júní 1849, segir í 3. gr.
- *Á landi skulu veiði ráða rétt landamerki jarðar hverrar. Ef jörð liggur að sjó, á eigandi veiði á haf út, 60 faðma [eða 115 metra] frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans.*
- Í 21. gr. og jafnframt síðustu grein veiðitilskipunarinnar er þetta nánar útskýrt:
- „Með þessari tilskipun er allt það af tekið, sem lög hafa verið hingað til um fuglveiði og dýraveiði og selveiði, **en allar greinar laganna um fiskveiði, sem ekki er breytt í þessari tilskipun, og um kvalveiði skulu fyrst um sinn standa óraskaðar.**“

Grein nr. 21. í lögnum frá 20. júní 1849 var feld út með lögnum nr. 116/1990.

Um stærð netlaga, frh.

- Í Þingbókum alþingis frá 1847 til 1849 má lesa umræður þingmanna um frumvarp veiðitilskipunarinnar frá 1849. Þar kemur meðal annars fram mjög skýrt að stuðst er við þýðingu úr dönskum lögum og að danska orðið „**Jagt**“ vefst fyrir mönnum þar sem það þýðir í Danmörku veiðar á fuglum og dýrum en **ekki fiskum**, en íslenska orðið veiði þýðir allar veiðar þ.e. bæði fugla, dýra og fiskveiðar. Einmitt vegna þessa var ákveðið að bæta við 21. gr. til þess að taka af allan vafa um að veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 gildi alls ekki um fiskveiðar í netlögum og að þar sé Jónsbók enn í fullu gildi. Þar með verður stærð netlaga varðandi fiskveiðar að miðast við dýpt.

Um stærð netlaga, frh.

- Skúli Magnússon lektor við lagadeild Háskóla Íslands vann í september árið 2001 álit að beiðni nefndar um enduskoðun laga um stjórn fiskveiða, um stjórnskipulega vernd fiskveiðiréttar sjávarjarða.

Í álitu Skúla á bls. 8 stendur eftirfarandi:

- „Samkvæmt framangreindu er ótvírætt að við ákvörðun netlaga með hliðsjón af fiskveiðirétti landeiganda **ber að miða við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitilskipunarinnar og síðari laga.** Hvað varðar ýmis önnur mikilvæg réttindi landeiganda innan netlaga gildir hins vegar almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli. **Samkvæmt framangreindu ber að afmarka netlög sjávarjarðar með hliðsjón af fiskveiðirétti samkvæmt reglu 2. kapítula rekabálks Jónsbókar.**”

Um stærð netlaga frh.

- Fjarlægðarreglan er skýr 60 faðmar (115 metrar) frá stórstraumsfjörumáli.
- Hvað með dýptarviðmiðið?
- **Páll Vídalín** lögmaður (1667-1727) segist hafa lesið ýmis Jónsbókarhandrit sem virðast hafa verið frá fyrri hluta 16. aldar. Ofangreint ákvæði 2. kafla rekabálks hljóðar á einum stað þannig: „**það eru netlög utarst, er selnet stendur grunn 20 möskva djúp að fjöru sjóar, og koma þá flár uppúr sjó, en það er 12 álna djúp að fjöru.**”
- Í öðru handriti stendur eftirfarandi: „**þat eru netlög utaz, er selnót stendur grunn 20 möskva djúp ath fjöru, oc komi þá flár uppúr sjó, þat er fjöggra faðma djúp.**” Í þessum handritum eru m.ö.o. hagnýt innskot sem segir annars vegar „það er 12 álna að fjöru“ og hins vegar „þat er 4 faðma djúp“. Þar sem þetta er sama dýpt útskýrir Páll mismuninn með að skrifarinn hafi látið sér á sama standa hvort hann sagði „12 álnir“ eða „4 faðmar“.

Um stærð netlaga frh.

- Páll Vídalín segir að lokum: „Nú bið eg menn taki selanót 20 möskva djúpa, og skal hún gjöra það satt, að 12 álnir vorra tíma sé það djúp, er hún standi grunn; eg hafi það mælt á 5 möskvum og 3ja álna hæð á þurru lopti, og svo á 6 álnum vorum og 10 möskva djúpri nót, og felld svo netið, að möskvinn standi ferskeyttur, sem lagnet eiga að gjöra.”
- Af þessu er augljóst að menn á 16. öld höfðu tekið upp hagnýt dýptarmál við ákvörðun netlaga sem samsvaraði hinu formlega ákvæði Jónsbókar (og Grágásar), þ.e. mælt dýptina með lóði. Páll lögmaður segir skýrt að þessar 12 álnir eru „þessa dags alin“ og „vorra tíma alin“, nánar tiltekið hamborgaralínin, og dýptin þá $(57,3 \text{ cm} \times 12 =)$ **6,88 m**. Málfaðmadæmi Páls gefur $(57,3 \times 13 =)$ **7,45 m**. Í heild þýðir þetta þó að ystu mörk netlaga skv. Jónsbók og Grágás er við 7 m dýpi á stórstraumsfjöru. (*Dr. Ole Lindquist, 9. mars 2009*).

Um stærð netlaga frh.


- **Niðurstaða.**
 - Eftir stendur að augljóst er að miða á fiskveiðar í netlögum við dýptarviðmiðið. Skilgreining Páls Vídalín um dýpt selneta annað hvort 4 faðmar eða 12-13 álnir er það viðmið sem á að nota. Þar sem það er á milli 6,88 m og 7,45 m ber að miða við ítrustu mörkin eða 7,45 metra þegar verið er að skipuleggja strandsvæði með tilliti til notkunar, þannig að það skarist ekki á við eignarrétt sjávarjarða.



Arnarfjörður 10 m dýpslína og netlög - drög

Þetta kort er unnið af sjómælingasvið Landhelgisgæslu Íslands, upp úr gögnum frá þeim, ásamt gögnum frá Hafrannsóknarstofnun. Strandlína er fengin frá Landmælingum Íslands. Kortið sýnir 10 m jafndýptarlínu í Arnarfirði ásamt línu sem dregin er u.þ.b. 115 m frá strandlínu.
NBF/ÁPV 06.10. 2012

Blár flötur: 0 - 10 m dýpi
Ljósblá lína: 10 m jafndýptarlína
Dökkblá lína: Áætluð 10 m jafndýptarlína
Rauð lína: U.þ.b. 115 m frá dreginni strandlínu.



Staðreyndir

- Eignarréttur sjávarjarða er stjórnarskrárvarinn.
- Alþingismenn hafa svarið eið að stjórnarskránni og þar með um leið að eignarrétti sjávarjarða.
- Mannréttindadómstóll Evrópu segir í áliti sínu um málið 2. des. 2008: **„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1“.**
- Eiríkur Tómasson, prófessor í lögum við Háskóla Íslands sagði í svari við spurningu formanns nefndar um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu: **Formaður (Guðbjartur Hannesson) spyr (7. fundur, 19. febrúar 2010): hvernig langtímaafnotaréttur hefur verið skilgreindur og hvort hugmyndir úr annarri auðlindalöggjöf séu yfirfæranlegar á fiskveiðilöggjöfina m.t.t. afnotaréttar. Eiríkur Tómasson sagði netlög skapa eignarrétt, en ríkið má samt sem áður setja skilyrði um veiðar innan þeirra. Ef þessi réttur yrði innkallaður til ríkisins þyrfti að greiða fullt verð fyrir.**

Staðreyndir, frh.

- Samkvæmt skilgreiningum eignarréttarsérfræðinga, m.a. Gauks Jörundssonar, fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, kemur fram að vatn (sjór) sem yfir landi liggur telst til fasteignarinnar og er því sjórinn í netlögum eign viðkomandi jarðar. Vatn og sjór (þ.m.t. lífríkið) er á hreyfingu milli innra og ytra svæðis og því er um óskipta sameign að ræða.

Staðreyndir, frh.

- LÍÚ og Landsamband smábátæigenda fá hvort um sig um 40 miljónir króna á ári úr ríkissjóði. Þetta framlag fá þeir samkvæmt 24 ára gömlum lögum þó svo að þeir eigi ekkert í auðlindinni. Samtök eigenda sjávarjarða fá ekkert framlag úr ríkissjóði þó svo að þeir eigi hlutdeild í auðlindinni.
- Auk þess er öðrum heimilað að nota eignina en eigendunum sjálfum bannað að nota hana.
- Eigendur sjávarjarða hafa í yfir 20 ár barist málefnalega fyrir réttindum sínum fyrir daufum eyrum yfirvalda, sem jafna má við valdniðslu.
- Það verður ekki hægt að skipuleggja strandsvæði Íslands án aðkomu og samvinnu við eigendur sjávarjarða.

Tillaga SES að lausn

- Að 10 metra dýptarlínan á sjókortum Landmælinga Íslands verði notuð sem viðmiðun dýptarákvæðis Jónsbókar og þar með sem landamerki jarða til sjávarins. (10 m er meðaldýpi)
- Að heimræði/útræði verði virtur eignarréttur og heimilað að nýta hann að nýju.
 - Stærð báta og útbúnaður ákveðinn í samráði við SES.
 - Veiðitímabil og fjöldi manna við veiðarnar verði ákveðið í samráði við SES.
- Að 2% af aflaverðmæti þessara veiða renni til SES.
- Að sjávarjarðir, sem löglegir eigendur að sjávarauðlindinni fá hlutdeild í auðlindagjaldi.
- Að SES fái sambærilegann styrk og LÍÚ og Landssamband smábátaeigenda, til að reka sín mál.



Takk fyrir

Sjávarútvegsráðuneytið
Hr. Jón Bjarnason, sjávarútvegsráðherra
Skúlagötu 4
150 Reykjavík.

Reykjavík, 23. október 2009.

Efni: Eignarréttur sjávarjarða og hlutdeild í veiðigjaldi (auðlindagjaldi).

I.

Til Réttar hafa leitað, Samtök eigenda sjávarjarða, pósthólf 90, 780 Hornafirði, en þau eru samtök þeirra sem eiga og/eða nytja sjávarjarðir, svo og þeirra sem eru áhugamenn um hlunnindarétt jarða. Stór hluti eigenda sjávarjarða eiga aðild að samtökunum.

Vísað er til bréfs samtakanna til sjávarútvegsráðherra 13. september 2004, en þar var farið fram á að hluti auðlindagjaldsins rynni til eigenda sjávarjarða. Sjávarútvegsráðuneytið svaraði bréfinu án alls rökstuðnings þann 21. september 2004, en um kröfur eigenda sjávarjarðar til hlutdeildar í auðlindagjaldi sagði einfaldlega:

„Með bréfi þessu vill ráðuneytið áréttta, að það hafnar þeim hugmyndum og óskum sem settar eru fram í bréfi yðar.“

II.

Samtök eigenda sjávarjarða una ekki þessu svari ráðuneytisins og krefjast þess að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Til stuðnings fyrrgreindum kröfum er vísað til áðurgreinds bréfs samtakanna 13. september 2004 auk eftirfarandi sjónarmiða:

Óumdeilt er að nytjastofnar þeir á Íslandsmiðum, sem lög um stjórn fiskveiða ná til, eiga uppruna sinn m.a. í netlögum sjávarjarða. Því til stuðnings er vísað til skrifra tveggja sjávarlíffræðinga við Háskóla Íslands og Hafrannsóknunarstofnun í Morgunblaðinu 13. apríl 2008:

„Grunnsævið er gulls ígildi. Færa má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni. [...] Grunnsævið í kringum Ísland (grynna en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppdisslóð fyrir okkar helstu nytjafiska.“

Samtök eigenda sjávarjarða vekja jafnframt athygli ráðuneytisins á því að eignarréttur eigenda sjávarjarða til netlaga nýtur verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands sem og 1. gr. 1. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 1. nr. 62/1994. Fjallað var um þetta atriði í álit Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Björns Guðna Guðjónssonar nr. 40169/05 gegn íslenska ríkinu en þar segir:

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi myndað „eign“ í skilningi 1. gr. samningsviðauka 1.“

Að lokum vísa samtökin sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Þar segir:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

III.

Með vísan til framangreinds er þess krafist að stjórnvöld endurskoði afstöðu sína til þessara mála og hefji formlegar viðræður um lausn fyrrgreinds máls eigi síðar en 6. nóvember nk. ellegar rökstyðji með ítarlegum hætti hvers vegna þau telji að eigendur sjávarjarða eigi ekki rétt á hlutdeild í auðlindagjaldinu. Berist ekki svar við bréfi þessu innan þess frests verður litið svo á að stjórnvöld hafni viðræðum við eigendur netlaga um lausn málsins og hyggist þar með halda áfram að innheimta gjald af þeim sem nýta auðlindina án tillits til löglegra réttinda eigenda sjávarjarða í nytjastofnunum og þar með rökréttri kröfu til hlutdeildar í umræddu gjaldi.

Virðingarfyllst,

Ragnar Aðalsteinsson, hrl.

Fylgiskjöl:

1. Bréf Samtaka eigenda sjávarjarða til sjávarútvegsráðuneytisins, 13. september 2004.
2. Bréf sjávarútvegsráðuneytisins til Samtaka eigenda sjávarjarða, 21. september 2004.
3. Jónas Páll Jónasson og Björn Gunnarsson: „Grunnsævið gulls ígildi?“. Birtist í Morgunblaðinu 13. apríl 2008.
4. Þingsályktun um skipan opinberrar nefndar um auðlindgjald, 465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing.

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.
ses.netlog@gmail.com

Stjórnarskrárnefnd,
forsætisráðuneytið.
Hr. Páll Þórhallsson, formaður.
postur@for.is

Hornafirði, 4. mars 2015.

Um það hefur verið rætt í fjölmiðlum undanfarið að unnið sé að stjórnarskrárbreytingum m.a. að auðlindaákvæði stjórnarskrárinnar.

Samtök eigenda sjávarjarða hafa áður sent stjórnarskrárnefnd upplýsingar um stjórnarskrárvarinn eignarrétt sjávarjarða til sjávarauðlindarinnar sem tillit þarf að taka til í eignarréttarákvæði stjórnarskrár.

Samtökin óska hér með eftir að upplýsa stjórnarskrárnefnd um eignarréttindi sjávarjarða og að hann komist til skila í nýju auðlindaákvæði stjórnarskrár.

Eigendur sjávarjarða, sem hafa stofnað Samtök eigenda sjávarjarða, sem eru samtök fyrir allt landið, eru beinir hlutaðeigendur að sjávarauðlindinni samkvæmt reglum frá ómunatíð og gildandi lagafyrirmælum frá Alþingi. Engir aðrir eru eigendur samkvæmt lögum. Ennfremur eiga sjávarjarðir lögvarinn nýtingarrétt í auðlindinni, svo nefnt útræði. Árið 1983 voru eigendur sjávarjarða ólöglega sviptir þessum forna rétti sínum og öðrum afhentur þessi réttur ólöglega til nýtingar. Þess má geta að eigendur sjávarjarða hafa stundað fiskveiðar frá jörðum sínum í gegnum aldirnar bæði í netlögum og fiskhelgi. Réttur þessi er stjórnarskrárvarin eign og

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komið með álit sem segir: 3. The Courts' s assessment

“Moreover, the Court finds that the applicant's right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1”.

Séreignarrétturinn hefur lagalega tilheyrt sjávarjörðum alla tíð og hefur aldrei verið skilinn frá þeim eða honum afsalað með nokkrum hætti. Grunnssævið, sem er að stórum hluta eign sjávarjarða, er einn mikilvægasti og verðmætasti hluti hafsins. Sjórinn og lífríkið er á ferð milli netlaga í eigu sjávarjarða og ytra svæðis. Auðlindin er því óskipt sameign.

Heimasíða samtakanna er: www.ses.is

Virðingarfyllst,
Samtök eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður
ses.netlog@gmail.com omarantons@gmail.com

Meðfylgjandi:

1. Auglýsing samtakanna, dags. 27. mars 2014.
2. Atvinnuveganefnd Alþingis glærur 31. október 2011.
3. Stjórnarskrárnefnd minnisatriði frá fundi 4. júlí 2005.

Samtök eigenda sjávarjarða
Pósthólf 90
780 Hornafjörður

**Til sýslumannsins í Reykjavík,
Skógarhlíð 6,
105 Reykjavík.**

Reykjavík, 30. apríl 2014.

Lögbannsbeiðni

Lögbannsbeiðandi Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða, kt. 581001 2150, pósthólf 90, 780 Hornafirði, Ómar Antonsson, formaður, f.h. eigenda sjávarjarða leggur fram þessa beiðni um lögbann í samræmi við lög nr. 31/1990.

Farið er fram á, samkvæmt fyrrgreindum lögum, að sýslumaður leggi lögbann við athöfn sem yfirvofandi er og er í raun byrjuð með framlagningu frumvarps um veiðigjöld: Veiðigjöld (veiðigjald 2015-2018) 692. mál, lagafrumvarp, 144. löggjafarþing 2014–2015.

Lögbannið beinist gegn stofnuninni Alþingi, kt. 420169 3889, forsvarsmanni hennar, forseta Alþingis Einari K. Guðfinnssyni, Alþingi við Austurvöll, 101 Reykjavík og öllum alþingismönnum hennar. Þeir sem eru bæði ráðherrar og alþingismenn, þá beinist lögbannsbeiðnin gegn þeim sem alþingismönnum en ekki sem ráðherrum (upptalning á nöfnum, heimilisfang allra er á Alþingi við Austurvöll, 101 Reykjavík)

Það brýtur gegn rétti eigenda sjávarjarða að verið er að undirbúa lög sem ólöglega heimila gjald fyrir veiðar í eign sem eigendur sjávarjarða eru löglegir hlutaðeigendur að: Athöfn þessi brýtur gegn stjórnarskrárvörðum eignarréttindum lögbannsbeiðanda.

Farið er fram á að sýslumaður hafi til hliðssjónar nýlegt lögbannsmál ríkissjóðs Íslands, sem sóknaraðila gegn Landeigendafélagi Geysis ehf, sem varnaraðila, ákvörðun sýslumanns, dags. 12. apríl 2014, dóm héraðsdóms Suðurlands, dags. 14. apríl 2014 og ákvörðun sýslumanns 15. apríl 2014.

Heimavarnarþing gerðarþola, Alþingis er í Reykjavík og er því málið lagt fyrir sýslumanninn í Reykjavík, sbr. 26. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31 frá 1990.

Gerðarbeiðandi vísar til þess að frumvarp þetta virðir ekki og tekur ekki tillit til stjórnarskrárvorinnar eignarréttinda sjávarjarða sem fyrirmæli eru um í lögum, en sjávarjarðir eiga belti sjávar í sjávarauðlindinni, sjá sem dæmi meðfylgjandi auglýsingu, dags. 27. mars 2014, álit Mannréttindadómstóls Evrópu um eignarrétt sjávarjarða, úrtak úr fundargerð frá starfshópi um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða frá 7. fundi nefndarinnar 19. febrúar 2010 og minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005. Orðrétt segir í álit Mannréttindadómstóls Evrópu sem er meðfylgjandi:

3. The Courts' assessment:

“Moreover, the Court finds that the applicant’s right to engage in fishing in the net zone adjacent to the coastal property in question constituted a “possession” within the meaning of Article 1 of protocol No. 1”.

Álit þetta er bindandi og því verður ekki breytt af íslenskum stjórnvöldum eða dómstólum.

Marg ítrekað hefur íslenskum stjórnvöldum verið bent á þennan grundvallareignarrétt sjávarjarða, en hann hefur samt verið ólöglega hundsáður af alþingismönnum og stjórnvöldum s.l. 3 áratugi. Ekki er annað að sjá en hér sé um refsiverða háttsemi að ræða. Auk þess eiga sjávarjarðir atvinnurétt svo nefndan útræðisrétt. Um er að ræða óskipta eign og er eignin, þ.e. sjórinn og lífríkið, á ferðinni milli eignar sjávarjarða og ytra svæðis. Þingmenn Alþingis Íslendinga hafa unnið drengskaparheit að stjórnarskrá Íslands m.a. um það ákvæði hennar að eignarrétturinn sé friðhelgur og ekki megi svipta borgarana honum nema ákveðin skilyrði séu uppfyllt.

Eigendur sjávarjarða eru því ekki jafnir öðrum borgurum þessa lands fyrir lögnum, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Netlög sjávarjarða eru lögbundin og þinglýst eign, í ljósi atvika er eignarréttur tvímælaaus, og enginn vafi leikur á því að eigendur sjávarjarða eru réttir og löglegir eigendur netlaga, útræðisréttar og veiðiréttar en verða sviptir áfram eign sinni með væntanlegu frumvarpi með því að fá ekki gjald fyrir afnot af eign sinni sem öðrum hefur ólöglega verið afhent. Hafið og lífríkið í netlögum, ásamt öllum gögnum og gæðum, fylgir sjávarjörðum og er eign eigenda sjávarjarða. Einn frjósamasti hluti hafsins er í netlögum og er lífríkið ásamt sjónum sjálfum á hreyfingu milli netlaga í einkaeign og ytra svæðis þar sem ríkið fer með umráð. **Auðlindin er óskipt sameign og má benda á að annar aðilinn er að leggja á gjald fyrir notkun eignarinnar án samráðs við hinn eignaraðilann.** (Vísu má í lögþannskrófu ríkisins í Geysismálinu. Geta má þess að ríkissjóður hafði lýst sig andsnúinn fyrirhugaðri gjaldtöku sameigenda sinna að landinu við Geysi og benti á að landeigendafélagið gæti hvorki ráðist í framkvæmdir á séreignarlandi ríkissjóðs né innheimt gjald vegna þess. Þá væri innheimta gjalds grundvallarbreyting á afnotum svæðisins og tilgangi frá því sem verið hefði [sbr. sjávarauðlindin fyrir 1983] og myndi takmarka afnot af sameignarlandi og séreign íslenska ríkisins, sbr. frétt í mbl.is 14. mars 2014).

Fiskveiðilandhelgi Íslands, sem miðast út frá landi, víðast út frá landi sem er í einkaeign, nær einnig yfir netlög og er því þessi séreignarréttur hluti af landhelginni, sbr. 1. gr laga nr. 41/1979 um landhelgi Íslands. Geta má í þessu sambandi um tvær sjónvarpsmyndir eftir Dr David Attenborough, sem heita “The blue planet”. Þær sýna hversu mikilvægt grunnsævið er (netlög) fyrir lífríkið í hafinu. (sjá einnig meðfylgjandi auglýsingu frá 27. mars 2014).

Sem dæmi má nefna svo nefnda flökkustofna, deilistofna. Þeir fara milli íslenskrar landhelgi, fiskveiðilögsögu, sem sjávarjarðir eru hlutaðeigendur að, yfir í landhelgi og fiskveiðilögsögu annarra ríkja. Í þessu sambandi má nefna að makríl, síld, loðnu o.fl. dýr sem fara á milli ytra svæðis í íslenskri landhelgi og netlaga í einkaeign. Á sama hátt fara flökkustofnar á milli efnahagslögsögu Evrópusambandsins, Noregs, Færeyja og Íslands. **Á þeim grundvelli byggir Ísland kröfu sína um hlutdeild í stofnunum.**

Eigendur sjávarjarða hafa takmörkuð fjárráð miðað við stjórnvöld sem hafa aðgang að skattþeningum borgaranna (einnig eigenda sjávarjarða), en vilja verja eignar- og veiðirétt sinn, samkvæmt lögum og mannréttindum. Því er þess óskað að málinu verði lokið án tryggingar, sbr. 30. gr., 3. mgr. 26. gr, 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 16. gr. 3. og 5. tl. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31 frá 1990. Allir mega sjá að brotið er gegn löglegum grundvallar mannréttindum eigenda sjávarjarða.

Að geðþótta á Alþingi hafa eigendur sjávarjarða verið sviptir löglegum eignarrétti sínum og hefur öðrum verið afhentur þessi réttur ólöglega með lögum frá Alþingi. Það er með ólíkindum að slíkt gerist á löggjafarþingi einhvers lands á okkar dögum. Alþingi ber að virða þennan rétt sjávarjarða án þess að til lögbanns þurfi að koma.

Samtökin vísa sérstaklega til þingsályktunar frá júní 1998 (465. mál, þskj. 1504. Alþingi 1997-98, 122. löggjafarþing) um skipan opinberrar nefndar um auðlindagjald, en þar má greina vilja löggjafans til þess hvert auðlindagjaldið skuli renna. Þar segir:

„Nefndin kanni möguleika á að nota auðlindagjald til að tryggja að afrakstur sameiginlegra auðlinda skili sér á réttmætan hátt til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.“

Vísa má einnig til reglna um skiptingu gjalda vegna hreindýraveiða

Um aðild málsins er það að segja, að með lögbannsbeiðni sinni leitast eigendur sjávarjaðra við að verja eignarrétt sinn, sem er þinglýstur og viðurkenndur í lögum og Mannréttindadómstóll Evrópuráðsins segir að eignarréttur þessi sé lögformlega í samræmi við eignarréttarákvæði Mannréttindasáttmála Evrópu. Eigendur sjávarjarða eiga því sjálfstæða hagsmuni, sem þeir eru bærir um að fylgja eftir með lögbannsbeiðni þessari.

Eigendur sjávarjarða eiga þá eign sem nefnd er netlög sem er hluti sjávarauðlindarinnar. Eign og veiðirétti þessum hefur aldrei verið afsalað af eigendum sjávarjarða og látinn í hendur annarra. Þessi réttur er forn og hefur löglega fylgt sjávarjörðum frá ómunatíð.

Eigendur sjávarjarða hafa aldrei heimilað íslenskum stjórnvöldum að ráðstafa eign sinni á nokkurn hátt og ef gjald á að leggja á aðila fyrir notkun eignarinnar, þá eiga hlutaðeigendur í óskiptri sameign rétt á sinni hlutdeild í gjaldinu. Ráðstafanir, hvort sem er með fyrri lögum eða með fyrrgreindu frumvarpi til laga, um töku gjalda fyrir notkun á eign, eru því ólöglegar og heimildarlausar með öllu.

Athöfn gerðarþola brýtur gegn lögvörðum eignarrétti gerðarbeiðanda. Augljóst er að um mikilvægan eignarrétt er að ræða á verðmætri hlutdeild í sjávarauðlindinni, sem ekki verður tekinn af eigendum nema almenningsþörf kerfjist þess, þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir. Á meðan löglegar heimildir og umboð eru ekki fyrir hendi hvað viðvíkur íslenska ríkinu og Alþingi krefjast eigendur sjávarjarða þess að fá að njóta eigna sinna í friði í samræmi við 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu, sem samþykkt var af Íslandi 18. maí 1954.

Vísað er í fyrrgreint lögbannsmál Ríkissjóðs Íslands (sóknaraðili) gegn landeigendafélaginu Geysir ehf. Þar kemur fram hjá sóknaraðila 12. apríl 2014: „Minnt er á að ef ráðstöfun eða afnot breyta tilgangi sameignar, eru meiriháttar eða ef ráðstöfun eða afnot er óvenjuleg þurfi samþykki allra eigenda óskiptrar sameignar“. Auk þess kemur fram í sama skjali sýslumanns: „Ólafur Lárusson segir í bók sinni Eignarréttur að sameigendum sé heimilt að nýta sér eignir sínar líkt og áður er rakið.“

Hluti þess að fara með eignarrétt er að eiganda eða eigendum sé kleift að nýta sér eignarrétt sinn og eftir atvikum að hafa af honum arð. Með vísan til 72. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands er eignarrétturinn friðhelgur. Enn fremur segir þar: *Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.* “

Hjá dómara kemur fram í sama máli hjá dómara 14. apríl 2014: „... , að samþykki allra sameigenda hafi þurft fyrir gjaldtökunni eins og sóknaraðili heldur fram“.

Lögbannsbeiðni þessari fylgja upplýsingar um eignarheimilir, þ.e. upplýsingar um lagafyrirmæli um eignarrétt sjávarjarða o.fl.

Eignarréttur gerðarbeiðanda, eigenda sjávarjarða, er glöggur og skýr og sönnunargögn alveg tæmandi, sbr. m.a. álit Mannréttindadómstóls Evrópu sem er æðra áliti íslenskra stjórnámálanna og íslenskra dómstóla. Gerðarþoli er að undirbúa lög með frumvarpi, ólöglega, umboðslaust og án heimilda.

Gerðarbeiðandi telur að sú staða sé í málinu, að hann eigi rétt á því, að hægt sé að ljúka málinu án tryggingar af hans hálfu.

Til upplýsinga eru send meðfylgjandi skjöl:

1. Auglýsing, dags. 27. mars 2014.
2. Álit Mannréttindadómstóls Evrópu 2. desember 2008, mál nr. 40168/05.
3. Úrtak úr fundargerð 7. fundar starfshóps um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða 19. febrúar 2010.
4. Minnisatriði vegna fundar með formanni stjórnarskrárnefndar 4. júlí 2005.
5. Skilgreining fyrrverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu á vatni yfir netlögum.
6. Bréf, dags. 22. janúar 2008 til Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
7. Bréf, dags. 11. júní 2009 til sjávarútvegsnefndar Alþingis frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
8. Bréf, dags. 23. október 2009 frá lögmannstofunni Réttur til sjávarútvegsráðherra.
9. Bréf, dags. 8. júlí 2010 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
10. Bréf, dags. 27. september 2010 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
11. Bréf, dags. 13. október 2010 til utanríkisráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
12. Svar við fyrirspurn í 421. máli á Alþingi.
13. Bréf, dags. 19. febrúar 2011 til fulltrúa Evrópusambandsins frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
14. Bréf, dags. 29. apríl 2011 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
15. Bréf, dags. 1. febrúar 2012 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
16. Bréf, dags. 18. nóvember 2013 til Matis ohf frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
17. Bréf, dags. 7. janúar 2014 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða.
18. Bréf, dags. 11. febrúar 2014 til sjávarútvegsráðherra frá Samtökum eigenda sjávarjarða, afrit af bréfinu í enskri þýðingu var sent til sjávarútvegsráðherra Noregs, Færeyja og fulltrúa Evrópusambandsins.

Heimasíða Samtaka eigenda sjávarjarða er: www.ses.is

Virðingarfyllst,

Ómar Antonsson, formaður
f.h. stjórnar Samtaka eigenda sjávarjarða

Afrit:

- Forseti Alþingis Einar K. Guðfinnsson.
- Allir alþingismenn.